

Framlög á fjárlögum og aukafjárlögum 2010 - 2010 (upphæðir í milljónum króna):

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Vísitala neysluverðs á janúar	195,5	202,4	221,5	224,7	230,1	239,2	249,7	266,9	282,3	334,8	356,8
Verðbólga - hækkun milli ára í %	5,8%	3,5%	9,4%	1,4%	2,4%	4,0%	4,4%	6,9%	5,8%	18,6%	6,6%
Kvikmyndamiðstöð - alm. rekstur											
Fjárlög		9,9	35,7	12,6	59,3	60,5	69,6	70,6	71,7	77,7	74,0
Fjáráukalög		0,0	0,0	15,0	0,0	0,0	0,1	0,0	0,0	0,0	
Samtals		9,9	35,7	27,6	59,3	60,5	69,7	70,6	71,7	77,7	74,0
Breyting frá fyrra ári í millj. kr.		n/a	25,8	-8,1	31,7	1,2	9,2	0,9	1,1	6,0	-3,7
Breyting frá fyrra ári í %		n/a	260,6%	-22,7%	114,9%	2,0%	15,2%	1,3%	1,6%	8,4%	-4,8%
Kvikmyndamiðst. Ísl. - Kvikmyndasjóðir											
Fjárlög	189,6	240,0	270,0	318,8	313,4	313,4	372,4	515,4	560,0	590,0	450,0
Fjáráukalög		0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
Samtals		240,0	270,0	318,8	313,4	313,4	372,4	515,4	560,0	590,0	450,0
Breyting frá fyrra ári í millj. kr.	n/a	n/a	30,0	48,8	-5,4	0,0	59,0	143,0	44,6	30,0	-140,0
Breyting frá fyrra ári í %	n/a	n/a	12,5%	18,1%	-1,7%	0,0%	18,8%	38,4%	8,7%	5,4%	-23,7%
Kvikmyndasj./miðstöð samtals í millj. Kr.	189,6	249,9	305,7	346,4	372,7	373,9	442,1	586,0	631,7	667,7	524,0
Breyting frá fyrra ári	n/a	31,8%	22,3%	13,3%	7,6%	0,3%	18,2%	32,5%	7,8%	5,7%	-21,5%

Kvikmyndasjóðir eins og þær ættu að vera samkvæmt "Samkomulagi um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð" við mennta- og fjármálaráðherra 14. nóv. 2006 í millj. Króna:

Breyting miðað við samkomulag í millj. kr.	490,0	560,0	620,0	700,0
Breyting miðað við samkomulag í %	5,2%	0,0%	-4,8%	-35,7%

Til viðmiðunar:

(allar upphæðir í milljónum króna)

Þjóðleikhúsið - almennur rekstur

Fjármögnun frá ríkissj. Fjárlög	378,0	387,0	454,3	475,3	487,1	504,8	543,4	610,2	648,9	719,8	707,8
Fjármögnun frá ríkissj. Fjáráukalög		0,0	0,0	20,0	57,0	25,0	85,2	0,0	80,0	0,0	
Samtals	378,0	387,0	454,3	495,3	544,1	529,8	628,6	610,2	728,9	719,8	707,8
Breyting frá fyrra ári í millj. kr.	n/a	9,0	67,3	41,0	48,8	-14,3	98,8	-18,4	118,7	-9,1	-12,0
Breyting frá fyrra ári í %	n/a	2,4%	17,4%	9,0%	9,9%	-2,6%	18,6%	-2,9%	19,5%	-1,2%	-1,7%

Sinfóníuhljómsveit ísl. - almennur rekstur

Fjármögnun frá ríkissj. Fjárlög	169,3	174,8	238,0	250,0	257,2	265,4	296,4	453,0	468,7	534,8	537,6
Innheimt af ríkistekjum. Fjárlög		0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	102,9	117,4	118,0
Fjármögnun frá ríkissj. Fjáráukalög			4,0	56,1	0,0	3,5	0,0	15,0	16,0	0,0	
Samtals	169,3	174,8	242,0	306,1	257,2	268,9	296,4	468,0	587,6	652,2	655,6
Breyting frá fyrra ári í millj. kr.	n/a	5,5	67,2	64,1	-48,9	11,7	27,5	171,6	119,6	64,6	3,4
Breyting frá fyrra ári í %	n/a	3,2%	38,4%	26,5%	-16,0%	4,5%	10,2%	57,9%	25,6%	11,0%	0,5%

* Kvikmyndasjóður Íslands verður Kvikmyndamiðstöð Íslands 2003.

** Almennur rekstur Kvikm. Sj. Íslands er ekki tilgreindur sér 2001 og 2002 umfram það sem kemur fram í skýringum með fjárlagafrumvarpi og fylgir með á næstu síðu.

*** Menningarsjóður útvarpsstöðva fær 120 milljónir á fjárlögum árið 2000 en er ekki á fjárlögum eftir það.

Skýringartexti í fjárlagafrumvarpi 2000: (Lagt er til að framlag til Kvikmyndasjóðs Íslands verði 205,8 millj.kr. sem er staðfest, en af þessari tölu fær Kvikmyndasafn Íslands 16,2 millj. en Kvikmyndasjóður Íslands fær alls 189,6 millj. - ekki er skipt milli reksturs og kvikmyndasjóða umfram það sem er í skýringartexta)

981 Kvikmyndasjóður. Heildargjöld sjóðsins eru áætluð 205,8 m.kr. og hækka um 28,6 m.kr. að raungildi. Hækkunin er í samræmi við samkomulag um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð sem gert var í árslok 1998. Í því er gert ráð fyrir að framlag í Kvikmyndasjóð hækki til viðbótar um 35 m.kr. árið 2001 og um 30 m.kr. árið 2002 og nemi þá samtals 270 m.kr.

Skýringartexti í fjárlagafrumvarpi 2001: (Lagt er til að framlag til Kvikmyndasjóðs Íslands verði 266,7 millj.kr. sem er staðfest, en af þessari tölu fær Kvikmyndasafn Íslands 16,8 millj. en Kvikmyndasjóður Íslands fær alls 249,9 millj. - ekki er skipt milli reksturs og kvikmyndasjóða umfram það sem er í skýringartexta)

981 Kvikmyndasjóður. Rekstrargjöld og rekstrartilfærslur eru áætlaðar 266,7 m.kr. Auk verðlagsbreytinga hækkar framlag um 60 m.kr. samkvæmt samkomulagi um stefnumörkun sem gert var í árslok 1998 um að efla kvikmyndagerð í áföngum. Í því er miðað við að framlag til að styrkja íslenska kvikmyndagerð nemi 176,4 m.kr. árið 1999, 205 m.kr. árið 2000, 240 m.kr. árið 2001 og 270 m.kr. árið 2002. Að auki er stefnt að því að efla aðrar greinar kvikmyndagerðar en framleiðslu leikinna kvikmynda í fullri lengd, s.s. gerð heimildarmynda og stuttmynda, með því að sjóðurinn geti varið 100 m.kr. til framleiðslustyrkja vegna slíkra verkefna. Þessi hluti samkomulagsins varð virkur við það að Menningarsjóður útvarpsstöðva var lagður niður og er áætlað fyrir 25 m.kr. framlagi í frumvarpinu sem fyrsta áfanga af fjórum jafnstórum.

Skýringartexti í fjárlagafrumvarpi 2002: (Lagt er til að framlag til Kvikmyndasjóðs Íslands verði 323,7 millj.kr. en endar í 323,9 millj. kr. þar af fær Kvikmyndasafn Íslands 18,2 millj. en Kvikmyndasjóður Íslands fær alls 305,7 millj. - ekki er skipt milli reksturs og kvikmyndasjóða umfram það sem er í skýringartexta)

981 Kvikmyndasjóður. Útgjöld á þessum fjárlagalið eru 323,7 m.kr. sem er 57 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Auk verðlags- og launabreytinga hækkar framlag um 50 m.kr. samkvæmt samkomulagi um stefnumörkun sem gert var í árslok 1996 um að efla kvikmyndagerð í áföngum. Í því er miðað við að framlag til að styrkja framleiðslu leikinna íslenskra kvikmynda í fullri lengd nemi 176,4 m.kr. árið 1999, 205 m.kr. árið 2000, 240 m.kr. árið 2001 og 270 m.kr. árið 2002. Að auki er stefnt að því að efla aðrar greinar kvikmyndagerðar í fjórum jafnstórum áföngum. Í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 25 m.kr. vegna þessa og hækkar fjárhæðin í 50 m.kr. á næsta ári, 75 m.kr. árið 2003 og í 100 m.kr. árið 2004.

Skýringartexti í fjárlagafrumvarpi 2003: (Lagt er til að framlag til Kvikmyndamiðstöðvar verði 331 millj.kr. en endar í 346,4 millj. kr.)

981 Kvikmyndamiðstöð Íslands. Kvikmyndamiðstöð tekur við hlutverki Kvikmyndasjóðs samkvæmt kvikmyndalögum sem taka gildi 1. janúar 2003. Áætlað er fyrir 331 m.kr. framlagi til miðstöðvarinnar, þar af eru 12,2 m.kr. ætlaðar til reksturs en 318,8 m.kr. til styrkja. Tvennt skýrir breytingar umfram launa- og verðlagshækkun. Annars vegar hækkar framlag um 25 m.kr. í samræmi við samkomulag við samtök í íslenskri kvikmyndagerð um að myndaður verði 100 m.kr. sjóður á fjórum árum til að styðja við gerð stuttmynda, hreyfimynda og heimildamynda þar sem Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur verið lagður niður. Í fjárlögum 2001 voru veittar 25 m.kr., á fjárlögum 2002 50 m.kr., fjárhæðin hækkar í 75 m.kr. árið 2003 og í 100 m.kr. árið 2004. Hins vegar lækkar framlag um 18,2 m.kr. vegna reksturs á 908 Kvikmyndasafni Íslands sem flyst á nýjan fjárlagalið.

Skýringartexti í fjárlagafrumvarpi 2004: (Lagt er til að framlag til Kvikmyndamiðstöðvar verði 372,7 millj.kr. sem er staðfest)

981 Kvikmyndamiðstöð Íslands. Liðurinn hækkar um 40 m.kr. auk launa og verðlagsbreytinga. Annars vegar er um að ræða 25 m.kr. hækkun til sjóðs sem er ætlað að styðja við gerð stutt-, hreyfi- og heimildamynda. Hins vegar er tímabundið 15 m.kr. framlag ætlað í nýjan sjóð sem styðja á við gerð leikins sjónvarpsefnis. Að auki eru 45,4 m.kr. millifærðar af viðfangsefnalið kvikmyndasjóða yfir á almennan rekstur. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að 30 m.kr. verði varið til kynningarmála.

Skýringartexti í fjárlagafrumvarpi 2005: (Lagt er til að framlag til Kvikmyndamiðstöðvar verði 373,9 millj.kr. sem er staðfest)
981 Kvikmyndamiðstöð Íslands. Lækkar um 0,4 m.kr. vegna aðhalds í ríkisútgjöldum.

Enginn skýringartexti í fjárlagafrumvarpi 2006.

Skýringartexti í fjárlagafrumvarpi 2007: (Lagt er til að framlag til Kvikmyndamiðstöðvar verði 463 millj.kr. en endar í 586 millj. kr.)
981 Kvikmyndamiðstöð Íslands. Framlag hækkar um 18,6 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkunar en að teknu tilliti til aðhalds í ríkisrekstri. Veitt er 20 m.kr. hækkun á framlagi í Kvikmyndasjóð vegna endurnýjunar á samkomulagi sem menntamálaráðherra og fjármálaráðherra gera við samtök í íslenskri kvikmyndagerð.

Skýringartexti í fjárlagafrumvarpi 2008: (Lagt er til að framlag til Kvikmyndamiðstöðvar verði 631,7 millj.kr. sem er staðfest)
981 Kvikmyndamiðstöð Íslands. Framlag hækkar um 43,5 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkunar en að teknu tilliti til aðhalds í ríkisrekstri um 1,1 m.kr. Veitt er 44,6 m.kr. hækkun á framlagi í Kvikmyndasjóð vegna endurnýjunar á samkomulagi sem menntamálaráðherra og fjármálaráðherra gerðu við samtök í íslenskri kvikmyndagerð um að kvikmyndasjóður yrði 560 m.kr. á árinu 2008.

Skýringartexti í fjárlagafrumvarpi 2009: (Lagt er til að framlag til Kvikmyndamiðstöðvar verði 698,2 millj.kr. en endar í 667,7 millj. kr.)
981 Kvikmyndamiðstöð Íslands. Framlag hækkar um 60 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkunar vegna samnings um aukið framlag í Kvikmyndasjóð. Í nóvember 2006 var undirritaður samningur milli menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og Samtaka í íslenskri kvikmyndagerð. Samkvæmt honum nemur framlag á liðinn 620 m.kr. árið 2009 og 700 m.kr. árið 2010.

Skýringartexti í fjárlagafrumvarpi 2010: (Lagt er til að framlag til Kvikmyndamiðstöðvar verði 463,5 millj.kr. en endar í 524 millj. kr.)
981 Kvikmyndamiðstöð Íslands. Lögð er til 206,2 m.kr. lækkun framlags á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag í 1.10 Kvikmyndasjóð lækki um 200 m.kr. og er þetta hluti af sértækum aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er lagður til 6,2 m.kr. samdráttur í útgjöldum á 1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.